

Fundur í Deltadeild á Bifröst 16.nóvember 2022.

Mættar voru 15 félagskonur.

Halldóra formaður setti fundinn, las nokkur erindi frá aðalstjórn og bauð svo gest fundarins Margréti J. Njarðvík rektor Háskólans á Bifröst velkomna og þakkaði henni fyrir að taka á móti okkur.

Margrét byrjaði sitt erindi á að segja frá nánum tengslum sínum við Borgarfjarðarhérað. Hún fór síðan yfir sögu og samfélagslega þýðingu skólans áður en hún sagði frá núverandi starfsemi hans og markmiðum. Einkenni skólans er og hefur verið að hann lagar sig að þörfum samfélagsins. Nemendur eru nú um 1100 á ársgrundvelli og um 70% þeirra eru konur. Gildi skólans nú eru samvinna-ábyrgð-frumkvæði.

Eftir mjög áhugavert erindi Margrétar var fundi slitið og haldið að Hraunsnefi þar sem var borðað. Jónína Eiríksdóttir flutti orð til umhugsunar og þar leiddi hún hugann að stöðu flóttafólks frá Úkraínu sem á sér skjól hér á Bifröst og hvernig við Íslendingar tökum á móti þeim. Við sem erum alinn upp við að allir eigi jafnan rétt og möguleika. Hún vitnaði í kver sem innihélt fyrirlestur Ólafs Ólafssonar prests frá 1891 sem fjallaði um kjör olnbogabarna og mikilvægi aukinna kvenréttinda.

Happdrættið var á sínum stað og fékk Sóley vinninginn að þessu sinni. Eftir skemmtilega samveru var kvaðst og hver hélt til síns heima.

Þar sem ekki er hægt að gera þessum áhugaverðu Orðum Jónínu nægilega góð skil í fundargerðinni fylgja þau með sem viðhengi með hennar leyfi.

Sigurveig Sigurðardóttir

Ritari Deltadeildar

Orð Jónínu Eiríksdóttur:

Orð til umhugsunar á fundi Deltadeildar, á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2022 í Bifröst.

*Við erum staddar í **Bifröst**:*

sem hvílir svo fagurlega í Norðurárdalnum og opnar fyrir okkur þegar við nálgumst staðinn úr suðri (suðvestri líklega réttara sagt).

***Bifröst** heitir brúin milli Miðgarðs og Ásgarðs sem goðin byggðu og sést frá jörðu sem regnbogi. Annar endi Bifrastar er á himni, hjá Himinbjörgum þar sem Heimdallur býr. Á hverjum degi ríða æsir yfir Bifröst að Urðarbrunni til dóma. Þannig er Bifröst lýst í námsefni barnanna okkar*

***Bifröst**: þar var uppeldisstöð samvinnuhreyfingarinnar um árabíl og þangað fóru margir af mínum jafnöldrum til að mennta sig í praktiskum starfstengdum fögum. Komu svo þaðan og rúlluðu upp lífi og starfi.*

***Bifröst**, já þar var Sigrún okkar Jóhannesdóttir til margra ára og gerði garðinn frægan. Þar voru þau hjón þegar ég kynntist henni fyrst – á vefnámskeiði hér yfir á Varmalandi þar sem við hittumst fyrir nokrum misserum og borðuðum dýrindismáltíð í gamla húsmæðraskólanum.*

***Bifröst** er líka staðurinn þar sem flóttamenn frá Úkraínu búa síðan stríðið skall á. Oft heyrir maður vísað til þess verkefnis þegar rætt er fallega um móttöku og velgjörning við flóttafólk.*

Og það leiðir hugann að máli málanna í mínum huga þessa haustdaga. Hvernig hefur íslensk þjóð ávaxtað pund sitt að hún geti ekki skotið skjólshúsi yfir þá sem hingað leita?

Í gegnum æðar okkar streymdu í æsku sögur af umkomulausu fólki, olnbogabörnum, sem oftast en ekki naut lítillar virðingar og snautlegs aðbúnaðar. Þegar á reyndi varð þetta þó fólkið, sem hafði einurðina og dugnaðinn til að leysa vandaverk lífsins og blómstraði þegar á reyndi fremur en margur, sem meiri vonir voru bundnar við. Við lærðum á þessum sögum og viðhorfum, sem um þær seintuðu að allir eiga jafnan rétt og við ættum að forðast að dæma fólk úr leik fyrirfram.

Eins og þið vitið flestar höfum við Guðlaugur tekið upp heimilið okkar í Reykholti og flutt suður á Akranes. Margt kom þar í leitirnar við tiltekt og uppröðun. Þar var lítið trosnað hver, sem faðir minn átti og hefur orðið viðskila við megin-bókasafnið hans, sem foreldrar mínir gáfu Héraðsbókasafni Árneseinga á Selfossi. Ég rýndi í heiti kversins og las með nokkurri ákefð.

Það heitir: Olnbogabarnið. Um frelsi, menntun og rjettindi kvenna. Fyrirlestur eftir Ólaf Ólafsson prest í Guttormshaga, haldinn í Reykjavík um þingtímann 1891. Sem sagt fyrir 130 árum.

Hér rekur presturinn kjör olnbogabarna í gegnum tíðina og líkir þeim við kjör kvenna á sinni tíð.

Það var og – hér talar óvænt rödd úr fortíðinni fyrir réttindum kvenna, sem þá voru bágborin svo ekki verði meira sagt. Í erindinu hvetur séra Ólafur þjóðina til að auka menntun og réttindi kvenna og muni þá vel fara fyrir þjóðinni. Og margt umhugsunarvert segir presturinn, sem snertir jafnvel þennan vansa, sem þjóð okkar hefur lent í með hælisleitendur, sem hingað koma:

...Ef kvenfólkið réði meiru en það ræður á þjóðbúinu, þjóðarheimilinu, þá tel ég vísa von um að ekki hefði verið úthýst eins mörgum góðum gesti, sem þar hefir barið að dyrum; ég á við, að eðlilegum framfarakröfum hefði verið meiri gaumur gefinn og nýtsamar nýjungar hefðu sætt greiðari viðtökum; að minnsta kosti hefðu þær ekki orðið staurslegri í snúningum en sumir vér karlmennirnir og vænti ég að djúpt þyki tekið í árinni...

Ég segi því enn: Veitum kvenfólkinu fullkomið jafnrétti við oss karlmennina í menntun, framförum og frelsi. Velferð þjóðarinnar heimtar það: réttlætir heimtar það og sómi sjálfra vor heimtar það“

Tilvitnun lýkur.

Umhugsun mín í dag er sem sagt þessi: Hvernig hefjum við Íslendingar til vegs, í verkefnum daganna, viðhorfin, sem okkur eru í blóð borin, svo gestum verði ekki vísað hér frá garði og sérstaklega ekki þeim, sem eiga undir högg að sækja og um sárt að binda? Eygjum við von í aukinni þátttöku kvenna í að taka ákvarðanir á stjórnarheimilinu eins og séra Ólafur forðum? Ég leyfi mér að halda að svo sé enn og hvet ég ykkur kærlega Deltakonur að liggja ekki á liði ykkar við það.

Jónína Eiríksdóttir